

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2019, miðvikudaginn 23. janúar kl. 10:00, var haldinn 25. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstaddir voru: Sigurborg Ó. Haraldsdóttir, Gunnlaugur Bragi Björnsson, Aron Leví Beck, Hjálmar Sveinsson, Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir og áheyrnarfulltrúarnir Daníel Örn Arnarsson, Baldur Borgþórsson, Asgerður Jóna Flösdóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Þorsteinn Hermannsson, og Marta Grettisdóttir. Starfsfólk skipulagsfulltrúa sitja fundinn, eftir atvikum undir liðum 3-11. Starfsfólk skrifstofu samgöngustjóra, borgarhönnunar hjá umhverfis- og skipulagssviði sitja fundinn undir lið 1. Fundarritari er Örn Sigurðsson.

Þetta gerðist:

(E) Samgöngumál

1. Rafhjól til útláns, framhald tilraunaverkefnis Mál nr. US180405

Lagt fram bréf skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 21. janúar 2019, ásamt tillögu um framhald tilraunaverkefnis ásamt minnisblaði Trafkon AB, dags 18. janúar 2019.

Tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra, borgarhönnunar dags.21. janúar 2019 samþykkt.

Kristinn Jón Eysteinnsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(A) Skipulagsmál

2. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerðir Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18 janúar 2019.

3. Reitir 1.265, Orkuhúsreitur, lýsing fyrir (01.265) Mál nr. SN180831 hugmyndasamkeppni

Lögð fram til kynningar lýsing Reita fasteignafélags hf. dags. 22. júní 2018 fyrir hugmyndasamkeppni um skipulag reits 1.265, Orkuhúsreitsins, við Suðurlandsbraut 34 og Ármúla 31.

Kynnt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir bóka: “Athygli vekur að valdar eru 3 arkitektastofur í lokaða samkeppni. Gott væri að fá rökstuðning fyrir þessu vali. Þrátt fyrir að Reitir standi að verkefninu er það óhjákvæmilega samstarfsverkefni með borginni, enda mun borgin sækjast eftir að fá hluta lóðarinnar til sín.

Þá segir í lýsingu fyrir hugmyndasamkeppni “Eru til einhverjar forsendur varðandi endurhönnun götunnar og borgarlínunnar sem geta hjálpað keppendum að átta sig betur á þessum jaðri svæðisins og hvernig best væri að flétta byggðina saman við götuna?” Forsendur virðast því vera á reiki líkt og dæmi eru um t.d. á Hekklureit.”

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Aron Leví Beck og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson bóka:

“Hugmyndasamkeppni fyrir Orkuhúsreitinn er unnin í góðu samráði við lóðarhafa sem stýrir sjálfur fyrirkomulagi keppinnar og vali á þátttakendum. Engir kjörnir fulltrúar sitja í dómnefnd en hins vegar er lagt til að umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar hafi einn faglega skipaðan fulltrúa. Forsendur samkeppinnar byggja á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 - 2030 og samgöngumiðuðu Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Við Suðurlandsbraut eru forsendur skýrar og miðaðar við kennisnið sem kynnt var í skýrslu Mannvits frá maí 2017.”

Hrafnhildur Sverrisdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Bústaðavegur 151 og 153, breyting á (01.826.1) Mál nr. SN180383
deiliskipulagi

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar nr. 151 og 153 við Bústaðaveg. Deiliskipulagtillagan sýnir færslu stofnveituhitalagnar gegnum reitinn 5 metra til suðurs sem hliðrar lóðarmörkum og byggingarreitum lóða nr. 151B og 151C sem því nemur. Lega stíga- og gatnakerfis svæðisins hefur verið hannað frekar og hliðrað óverulega til. Ný aðkomuleið akandi umferðar að veitingastað á lóð nr. 153 var færð inn á Bústaðaveg næst gatnamótum við Reykjanesbraut, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 1. október 2018, br. 18. janúar 2019. Vegna aðkomu frá Bústaðavegi breyttist útfærsla Bústaðavegar og var m.a. gert ráð fyrir umferðareyjum til að stýra umferð og bæta umferðaflæði um fyrirhuguð gatnamót. Einnig er lögð fram húsakönnun Landslags dags. 15. maí 2018, umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 30. maí 2018, bréf Minjastofnunar Íslands dags. 5. júní 2018 og bréf Vegagerðarinnar dags. 28. september 2018. Einnig eru lögð fram Húsaskrá og varðveislumat Formleifaskrá Borgarsögusafni dags. 28. september 2018. Tillagan var auglýst frá 22. október 2018 til og með 3. desember 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Andri Þór Arinbjörnsson f.h. Reita - verslun ehf. dags. 8. nóvember 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. janúar 2019. Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. janúar 2019. Vísað til borgarráðs.

Ingvar Jón Gíslason Bates verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessu lið.

5. Norðurbrún 2, breyting á deiliskipulagi (01.352.5) Mál nr. SN180468
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
590516-0230 Norðurbrún 2 ehf., Hellusundi 6, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 21. júní 2018 um breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 2 við Norðurbrún. Í breytingunni felst að rífa núverandi verslunarhús og byggja nýtt íbúðarhús með verslun að hluta til á 1. hæð, 2. hæðin verður inndreginn frá suðvestri. Húsin verða því tvær hæðir og kjallari með verslun - og þjónustu á götuhæð og íbúðum á 1. og 2. hæð, samkv. uppdráttum THG Arkitekta ehf. dags. 4. júní 2018 br 17.01.2019. Einnig er lagt fram skuggavarp dags. 4. júní. Einnig er lögð fram ábending Bjarna Pálmasonar dags. 16. október 2018. Erindinu var frestað, umsækjandi hafi samband við embættið vegna skuggavarsuppdráttar, og er nú lagt fram að nýju ásamt minnisblaði THG Arkitekta ehf. dags. 22. október 2018 og leiðréttum skuggavarsuppdrætti 4. júní 2018 síðast breytt 22. október 2018. Tillagan var auglýst frá 1. október 2018 til og með 12. desember 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: íbúar að Norðurbrún 4, 6, 8, 10, 12, 14, 20 og 22 dags. 8. desember 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. janúar 2019. Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. janúar 2019.

Vísað til borgarráðs.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Vonarstræti 4/Lækjargata 12, breyting á Mál nr. SN180744
deiliskipulagi
630169-2919 Íslandshótel hf., Sigtúni 28, 105 Reykjavík
450913-0650 Atelier Arkitektar slf., Skaftahlíð 16, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Björns Skaptasonar dags. 24. október 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Lækjargötu 10-12, Vonarstræti 4 og 4b, Skólalabru 2 vegna lóðarinnar nr. 4 við Vonarstræti. Í breytingunni felst að heimilt er að hækka mænishæð á þaki hússins og setja fimm nýja kvisti. Heimilt verður að útbúa fjögur ný hótélherbergi á breyttri þakhæð og mun hæðin samtengjast efstu hæð nýbyggingar er liggur samsíða henni, samkvæmt uppdr. Atelier Arkitekta slf. dags. 24. október 2018. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. júní 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Aron Leví Beck vikur af fundi undir þessum lið.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessu lið.

7. Gufunesvegur 10, breyting á (02.226) Mál nr. SN190003
deiliskipulagi
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Arkþings ehf. dags. 28. desember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Gufuness vegna lóðarinnar nr. 10 við Gufunesveg. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar til suðausturs vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar við núverandi hús (móttöku- og flokkunarstöð), samkvæmt uppdr. Arkþings ehf. dags. 28. desember 2018.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs (nú skipulags- og samgönguráðs) án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

8. Björn Ingi Edvardsson og verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
Fossvogur brú, deiliskipulag (01.8) Mál nr. SN160764

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga deiliskipulagi ásamt greinargerð dags. 1. október 2018 vegna lagningu brúar yfir Fossvog. Tillagan gerir ráð fyrir lagningu vegar fyrir almenningsamgöngur, hjólastígs og göngustígs, sem tengir saman Reykjavík og Kópavog yfir Fossvog. Tillagan gerir einnig ráð fyrir landfyllingu undir sitthvorum brúar-endanum. Einnig er lagt fram minnisblað EFLU verkfræðistofu dags. 26. apríl 2018 og skýrsla verkfræðistofunnar Vatnaskil dags. í desember 2018. Tillagan var auglýst frá 24. nóvember 2018 til og með 8. janúar 2019. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsagnir: Landssamtök hjólréiðamanna dags. 8. janúar 2019, Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 8. janúar 2019 og Veitur dags. 8. janúar 2019. Lagt fram að nýju ásamt uppdr. dags. 1. október 2018 síðast br. 18. janúar 2019, greinargerð dags. 1. október 2018, br. 18. janúar 2019 og umsögn Alta dags. 21. janúar 2019 um athugasemdir sem bárust við auglýsta deiliskipulagstillögu. Samþykkt með vísan til umsagnar Alta dags. 21. janúar 2019.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eypór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir bóka:

Mikilvægt er að væntanleg samgöngutenging með brú yfir Fossvog nýtist sem best fyrir fjölbreyttan ferðamáta. Samflot 3ja og fleiri er liður í að minnka álag á gatnakerfið. Rétt væri að kanna áhrif þess að leyfa samflot í tengslum við brú yfir Fossvog hvað varðar álag í umferðarmódeli. Hér er tækifæri til að hvetja fólk til samflots með jákvæðum hætti. Þá liggur ekki fyrir hvernig staðið verður að fjármögnun um mannvirkið sem talið er að kosti 2.500 milljónir.

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Aron Leví Beck og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson bóka: Fossvogsbrúin verður mikil samgöngubót á höfuðborgarsvæðinu. Það eru því ánægjuleg tímamót að sveitarfélögin samþykki endanlega sameiginlegt deiliskipulag sem mun tengja saman Reykjavík og Kópavog með vönduðu samgöngumannvirki.

Björn Ingi Edvardsson og Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjórar taka sæti á fundinum undir þessum lið.

9. Skógarhlíð 12, breyting á deiliskipulagi (01.703.6) Mál nr. SN180854
681290-2309 Byggingarfélag Gylf/Gunnars hf, Borgartúni 31, 105 Reykjavík
581298-2269 Landark ehf., Stórhöfða 17, 110 Reykjavík

Lögð fram umsókn Landark ehf. dags. 11. desember 2018 ásamt bréfi dags. 19. nóvember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skógarhlíð vegna lóðarinnar nr. 12 við Skógarhlíð. Í breytingunni felst fjölgun bílastæða á lóð. Einnig er lagður fram uppd. Landark ehf. dags. 18. nóvember 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. janúar 2019.

Synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 11. janúar 2019.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eypór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins og bóka:

„Lóðin er stór og ætti að geta annað bílastæðum vel. Ljóst er að eitthvað skortir upp á samtal milli borgarinnar og húseigenda. Aðgangsstýring og samgöngustefna gætu verið hluti af lausninni.”

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Aron Leví Beck og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson bóka: Fjöldi bílastæða við Skógarhlíð 8 er í samræmi við aðrar sambærilegar byggingar á sama svæði. Það samræmist ekki markmiðum Aðalskipulags Reykjavíkur að fjölga þeim. Húsnæðið er vel staðsett með tilliti til almenningsgangna og annarra virkra ferðamáta og ljóst að samgöngustefna fyrirtækja, yfirbyggð hjólastæði og fleiri grænar aðgerðir skipta sköpum til minnka þörf á fleiri bílastæðum.

Sólveig Sigurðardóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessu lið.

(B) Byggingarmál

10. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1004 frá 15. janúar 2019.

(D) Ýmis mál

11. Hverfisgata 41, breyting á deiliskipulagi (01.152.4) Mál nr. SN170824
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 5. desember 2018 þar sem ekki er gerð athugasemd við birtingu auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda en telur tilefni til að setja í greinargerð þá skilmála er fram koma í umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 11. desember 2017. Einnig er lagt fram svar skipulagsfulltrúa dags. 18. janúar 2019 við athugasemdum Skipulagsstofnunar.

Samþykkt

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eypór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins og bóka ásamt áheyrnarfulltúum Miðflokksins Baldurs Borgþórssonar Sósíalístaflokksins Daníels Arnar Arnarssonar og Flokks fólksins Ásgerðar Jónu Flosadóttur.

„Borgin hefur skuldbundið sig til að greiða meira en sextíu og þrjár milljónir til að fá húseigenda til að falla frá fyrri áformum. Nú virðist borgin hafa kostað nýja tillögu um breytingu á húsinu með nýju deiliskipulagi. Alls óvíst er að húsinu verði breytt enda fær húseigandi lokagreiðslu við auglýsinguna samkvæmt samningi við SEA; tíu milljónir króna.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

12. Tillaga áheyrnarfulltrúa flokks fólksins, Mál nr. US190016
Breytilegur vinnutími fólks sem vinnur í
miðborginni.

Lagður fram tölvupóstur skrifstofu borgarstjórnar dags. 14. janúar 2019 þar sem tillaga áheyrnarfulltrúa flokks fólksins varðandi breytingu á vinnutíma þeirra sem starfa í miðborginni er vísað til meðferðar hjá skipulags- og samgönguráði. Tillagan felld með fjórum atkvæðum Fulltrúi Pírata Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur, fulltrúa Samfylkingarinnar Arons Leví Beck og Hjálmars Sveinssonar og fulltrúa Viðreisnar Gunnlaugs Braga Björnssonar, sem jafnfram bóka

„Nú þegar er samstarfshópur að störfum þar sem unnið er í anda tillögu þessarar, með þremur stærstu vinnustöðunum í Vatnsmýrinni. Reykjavíkurborg mun áfram miðla upplýsingum og eiga í samtali við vinnustaði í borginni auk þess að vinna með eigin vinnustöðum, m.a. með áframhaldandi styttingu vinnuvikunnar. Þó er ljóst að borgaryfirvöld geta ekki ætlast til að hafa áhrif á vinnutíma starfsfólks allra vinnustaða.

Í nútímasamfélagi er sveigjanlegur vinnutími sífellt algengari en mun seint hafa úrslitaáhrif í samgöngumálum borgarinnar. Sýnt hefur verið fram á að skilvirkasta leiðin felist í hagrænum hvötum og verður því að teljast jákvætt að í tillögum ríkisstjórnarinnar sé m.a. rætt um mengunar- og tafagjöld en m.v. núverandi lagaumhverfi er Reykjavíkurborg ekki heimilt að grípa til slíkra stýringa.“

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

13. Hallarmúli 2, kæra 5/2019 (01.261.1) Mál nr. SN190035
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlín, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 15. janúar 2019 ásamt kæru dags. 14. janúar 2019 þar sem kærð er samþykkt borgarráðs frá 13. september um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2 við Hallarmúla.

Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.

14. Hallarmúli 2, kæra 6/2019 (01.261.1) Mál nr. SN190036
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 15. janúar 2019 ásamt kæru dags. 14. janúar 2019 þar sem kærð er samþykkt borgarráðs frá 13. september um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2 við Hallarmúla. Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.

15. Hallveigarstígur 1, kæra 142/2018 (01.171.2) Mál nr. SN180860
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 13. desember 2018 ásamt kæru mótt. 13. desember 2018 þar sem kærð er samþykkt borgarráðs frá 23. ágúst 2018 á breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.2 vegna lóðarinnar nr. 1 við Hallveigarstíg. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 4. janúar 2019.

16. Hallveigarstígur 1, kæra 144/2018 (01.171.2) Mál nr. SN180871
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 18. desember 2018 ásamt kæru dags. 15. desember 2018 þar sem kærð er samþykkt borgarráðs frá 23. ágúst 2018 á breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.2 vegna lóðarinnar nr. 1 við Hallveigarstíg. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 4. janúar 2019.

17. Hallveigarstígur 1, kæra 145/2018 (01.171.2) Mál nr. SN180872
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 18. desember 2018 ásamt kæru dags. 16. desember 2018 þar sem kærð er samþykkt borgarráðs frá 23. ágúst 2018 á breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.2 vegna lóðarinnar nr. 1 við Hallveigarstíg. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 4. janúar 2019.

18. Hallveigarstígur 1, kæra 148/2018 (01.171.2) Mál nr. SN180889
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 21. desember 2018 ásamt kæru dags. 8. desember 2018 þar sem kærð er samþykkt borgarráðs frá 23. ágúst 2018 á breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.2 vegna lóðarinnar nr. 1 við Hallveigarstíg. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 4. janúar 2019.

19. Hallveigarstígur 1, kæra 153/2018 (01.171.2) Mál nr. SN190010
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 3. janúar 2019 ásamt kæru dags. 29. desember 2018 þar sem kærð er samþykkt borgarráðs frá 23. ágúst 2018 á breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.2 vegna lóðarinnar nr. 1 við Hallveigarstíg. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 4. janúar 2019.

- 20 Kjalarnes, Sætún, breyting á Mál nr. SN180648
deiliskipulagi
070763-3899 Kristinn Gylfi Jónsson, Mýrargata 26, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 15. nóvember 2018 vegna samþykktar borgarráðs frá 15. nóvember 2018 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi jarðarinnar Sætún á Kjalarnesi.

21. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mál nr. US190021
Tímalengd götulýsingar

Lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks í skipulags- og samgönguráði varðandi að leggja til að bætt verði við tímalengd götulýsingar í Reykjavík. Árið 2015 var hún styttn. Vegna led væðingar götulýsingar þá er kostnaður við það að lengja tíma götulýsingar kvölds og morgna óverulegur og því aftur hægt að bæta við þann tíma sem kveikt er á lýsingu. Góð götulýsing er öryggisatriði bæði fyrir gangangi, hjólandi og þá sem akandi eru.
Frestað.

22. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mál nr. US190022
umferðaröryggi gangandi vegfarenda og skólabarna í Hamrahverfi í Grafarvogi

Lögð fram tillaga fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skipulags- og samgönguráði Óskað er eftir því að umferðaröryggi gangandi vegfarenda og skólabarna í Hamrahverfi í Grafarvogi verði skoðað. Ekkert svæði með 30 km hámarks hraða er að finna við Hamraskóla, líkt að við marga aðra skóla. Í hverfinu er að finna fjórar þrengingar við Lokinhamra. Mismunandi útfærslur eru á þessum þrengingum og er allur gangur á því hvernig þær eru merktar og hvernig lýsingu er háttáð. Óskað er eftir því að lýsing verði bætt og merkingar verði samræmdar. Eins verði skoðað hvort að hámarks hraði við Hamraskóla verði 30 km.
Frestað.

23. Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mál nr. US190023
Heildarkostnaður við gerð deiliskipulags Hverfisgötu 41.

Lögð fram fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins þar sem óskað er eftir að fá upplýst hver heildarkostnaður við gerð deiliskipulags við Hverfisgötu 41 er og hvort borgin beri þann kostnað.
Frestað.

**Fleira gerðist ekki.
Fundir slitið kl. 12:30**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Gunnaugur Bragi Björnsson
Hjálmar Sveinsson
Hildur Björnsdóttir

Aron Leví Beck,
Eyþór Laxdal Arnalds
Valgerður Sigurðardóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2019, þriðjudaginn 15. janúar kl. 10:10 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1004. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Skúli Þorkelsson, Harpa Cilia Ingólfssdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Olga Hrund Sverrisdóttir, Sigríður Maack, Harri Ormarsson og Jón Hafberg Björnsson.
Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Austurhlíð 10 (01.271.805) 226332 Mál nr.
BN055414
580377-0339 Byggingarsamvinnufélagið Samtök, Síðumúla 29, 108 Reykjavík
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja 60 íbúðir í 3 stigahúsum (MHL-1, 2 og 3) á þremur til fimm hæðum ásamt bílakjallara (Mhl-4) á lóð nr. 10 við Austurhlíð.
Stærð:
MHL-01: 2.439,9 ferm., 8.166,35 rúmm.
MHL-02: 2.318,4 ferm., 7.999,4 rúmm.
MHL-03: 2.787,7 ferm., 9.815,1 rúmm.
MHL-04: 2.459,3 ferm., 9.815,1 rúmm.
Samtals: 10.005,3 ferm., 34.015,85 rúmm.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 14. desember 2018 fylgir erindi.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
2. Austurv Thorvaldsens (01.140.418) 100859 Mál nr.
BN055646
610593-2919 Lindarvatn ehf., Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til niðurrifs á ónýtum útveggjum bakhúss Thorvaldsensstrætis 4 samhliða þegar samþykktu niðurrifi á gólfplötum yfir annarri til fjórðu hæðar auk þaks bakbyggingar samkvæmt BN053964. Útveggir bakbyggingar verða byggðir upp að nýju í núverandi mynd, hvorki eru breytingar á flatarmáli né rúmmáli hússins á lóð nr. 4 við Thorvaldsensstræti.
Erindinu fylgir bréf byggingatæknifræðings THG dagsett 13. desember 2018, minnisblað Eflu um mat á steiptum veggjum útbyggingar dagsett 7. september 2018, bréf hönnunarstjóra THG dagsett 19. desember 2018 og bréf burðarþolshönnuðar Hanna verkfræðistofu dagsett 19. desember 2018.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

3. Bjarmaland 1-7 (01.854.002) 108773 Mál nr.
BN055640
290682-5769 Gunnar Árnason, Bjarmaland 3, 108 Reykjavík
160781-5059 Sigurlaug Dröfn Bjarnadóttir, Bjarmaland 3, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og byggja við í norðvesturhorni einbýlishúss nr. 3 á lóð nr. 1-7 við Bjarmaland.
Stækkun: 69,6 ferm., xx rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
4. Blikastaðavegur 2-8 (02.496.101) 204782 Mál nr.
BN055426
581011-0400 Korputorg ehf., Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta rými á milli mátlína 6 til 10 rými D þannig að núverandi glerfrontur verður fjarlægður, gluggum og hurðum í mátlínu D verður breytt til samræmis við starfsemina, starfsmannaaðstaða er endurnýjuð, komið verður fyrir nýjum kælum og frystir og millipallur er stækkaður í húsinu á lóð nr. 2-8 við Blikastaðaveg.
Bréf frá hönnuði dags. 1. nóvember 2018 og greinagerð brunahönnuðar dags. 2. nóvember 2018 og 6. desember 2018 fylgir.
Stækkun á millipall 38,9 ferm.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
5. Borgartún 8-16A (01.220.107) 199350 Mál nr.
BN055017
531114-0190 Höfðavík ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki II, teg. a á jarðhæð og koma fyrir ozon búnaði með útsogi um bílakjallara út á lóð verslunar- og skrifstofuhúss Katrínartúns 4 á lóð nr. 8-16A við Borgartún.
Erindi fylgir brunahönnun frá Eflu, uppfærð 26. nóvember 2018 og samþykki eigenda dags. 13. desember 2018.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
6. Borgartún 28 (01.230.101) 102912 Mál nr.
BN055579
690612-0970 HEK ehf., Strandgötu 11, 220 Hafnarfjörður
Sótt er um breytingu á erindi BN050166 sem felst í því að gluggum þakhæðar er lyft um 5 cm ásamt því að þakhalli á verönd þakhæðar er færður inn á teikningar og dyr í anddyrum íbúða fjarlægðar af teikningum í húsi á lóð nr. 28A við Borgartún.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.

7. Brautarholt 6 (01.241.204) 103022 Mál nr.
BN055618
670502-3090 XO eignarhaldsfélag ehf, Hátúni 2B, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta 7 íbúðir og byggja svalir á norður- og suðurhlíð verslunar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 6 við Brautarholt.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
8. Bæjarháls 1 (04.309.601) 190769 Mál nr.
BN055622
501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir breytingum á innra skipulagi 1. - 4. hæðar í austurhúsi Orkuveitu Reykjavíkur á lóð nr. 1 við Bæjarháls.
Erindinu fylgir afrit af eldri samþykktum teikningum í stærð A3 með útskýringum arkitekts á fyrirhuguðum breytingum á 1. til 4. hæðar í austurhúsi.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
9. Dugguvogur 23 (01.454.409) 105647 Mál nr.
BN055647
701297-3269 Rafstilling ehf., Dugguvogi 23, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að skipta út áður samþykktu skilti og setja í staðinn ljósaskilti sömu stærðar á hús á lóð nr. 23 við Dugguvog.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
10. Efstaleiti 11 (01.745.301) 224637 Mál nr.
BN055621
681015-5150 Skuggi 4 ehf., Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til breyta erindi BN053223 og sameina íbúðir 0306 og 0308, 0403 og 0405 í mhl. 02 og íbúðir 0301 og 0302 í mhl. 03 ásamt því að breyta stærðum sérnotaflata við íbúðir 0101, 0106, 0107 og 0108 í mhl. 02 á lóð nr. 11 við Efstaleiti.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísáð til athugasemda.
11. Elliðabraut 4-6 (04.772.301) 195949 Mál nr.
BN055406
671106-0750 Þingvangur ehf., Bergstaðastræti 73, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054252 þannig að innra skipulagi í bílakjallara og inngörðum er breytt í fjölbýlishúsum á lóð nr. 4-6 við Elliðabraut.
Erindi fylgir brunahönnun frá EFLU uppfærð 26. október 2018.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísáð til athugasemda.
12. Fiskislóð 31 (01.089.101) 209683 Mál nr.
BN055659
680708-0290 Sjávarbakkinn ehf., Dalapíngi 12, 203 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að svalir á 3. hæð til suðurs verði eignarhluti aðliggjandi rýma 0301, 0302, 0303, 0304, 0305 og 0306 og einnig er sótt um að setja tvöfaldar

hurðar á 1. hæð rýma 0101, 0102, 0103, 0104, 0105 og 0106 í húsinu á lóð nr. 31 við Fiskislóð.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

13. Fiskislóð 53-69 (01.087.401) 100008 Mál nr.
BN055658
590404-2410 RA 5 ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að innrétta framleiðslufyrirtæki sem framleiðir ensím úr sjávarfangi í mhl. 02 0101 í húsi nr. 57-59 á lóð nr. 53-69 við Fiskislóð.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.

14. Fjölnisvegur 11 102662 Mál nr.
BN055193
490616-1280 Djengis ehf., Borgartúni 29, 105 Reykjavík
010381-4799 Ingólfur Abraham Shahin, Vesturás 40, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja nýjan kvist á norðurhlið, gera nýjan stiga milli annarrar hæðar og rishæðar, breyta innra fyrirkomulagi og lækka land við suðurhlið húss á lóð nr. 11 við Fjölnisveg.
Jafnframt er erindi BN055016 dregið til baka.
Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. ágúst 2018.
Stækkun: 9,9 ferm., 17,1 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

15. Funafold 5 (02.861.003) 110153 Mál nr.
BN054893
060858-6249 Hartmann Kristinn Guðmundsson, Funafold 5, 112 Reykjavík
Sótt er um stækkun á borðstofu á vesturhlið og viðbyggingu við bílskúr í húsi á lóð nr. 5 við Funafold.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 29. júní 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. júní 2018.
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.

16. Gerðarbrunnur 44 (05.054.701) 206060 Mál nr.
BN055374
230853-3719 Gísli Gíslason, Gerðarbrunnur 44, 113 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að innra fyrirkomulagi og útliti hefur verið breytt, stigi milli hæða fjarlægður og komið fyrir timburstiga utanhúss að inngangi á efri hæð auk þess sem stoðveggur hefur verið steypdur við austurhlið í húsi á lóð nr. 44 við Gerðarbrunn.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.

17. Grandagarður 15-37 (01.115.001) 100045 Mál nr.
BN055539
450213-1520 Corvino ehf., Grandagarði 23, 101 Reykjavík
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054827 með því að breyta innra skipulagi og brunavörnum og til að koma fyrir nýjum glugga sem verður björgunarop á húsi nr. 25 á lóð nr. 15-37 við Grandagarð.
Bréf frá hönnuði um breytingar á erindi BN054827 dags. 27. nóvember og 17. desember 2018 og umsögn burðarvirkishönnuðar dags. í desember 2018 fylgir erindi.
Einnig fylgir bréf Minjastofnunar Íslands dags. 10. janúar 2019.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
18. Grandavegur 42 (01.520.401) 216910 Mál nr.
BN055583
671106-0750 Þingvangur ehf., Bergstaðastræti 73, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN046483 með því að bæta við rými fyrir rafstöð í neðri kjallara, til að loka bílgeymslu, breyta innra skipulagi í íbúðum 01-0603, 02-0703 og 03-0903, fella út glugga í stigahúsi, breyta hurðum í mhl. 03 og bæta við svalalokunum í mhl. 01, 02 og 03 v/lokaúttektar í fjölbýlishúsi á lóð nr. 42 við Grandaveg.
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
19. Grundarstígur 4 (01.183.305) 101957 Mál nr.
BN055639
701189-2139 Grundarstígur 4, húsfélag, Krókabyggð 1a, 270 Mosfellsbær
Sótt er um leyfi til að gera dyr í vegg á austur lóðarmörkum sem opnast út í Farsóttargarðinn við Þingholtsstræti 25 frá lóð nr. 4 við Grundarstíg.
Bréf frá hönnuði dags. 7. janúar 2019 og tölvupóstur frá Minjastofnun Íslands ódagsett fylgja erindi.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
20. Háagerði 21 (01.815.211) 107987 Mál nr.
BN055657
130977-5969 Ólafur Þorsteinsson Briem, Háagerði 21, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja bílgeymslu á norðvesturhlið, byggja sólstofu við eldhús ásamt því að byggja yfir svalir og gera franskar svalir á svefnherbergi á 2. hæð raðhúss á lóð nr. 21 við Háagerði.
Stækkun: 55,7 ferm., xx rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
21. Hrefnugata 9 (01.247.210) 103361 Mál nr.
BN055641
091075-4749 Gylfi Þór Valdimarsson, Hrefnugata 9, 105 Reykjavík
310377-4149 Anna Svava Knútsdóttir, Hrefnugata 9, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til síkka glugga á 2. hæð, koma fyrir nýjum glugga á 1. hæð á austurhlið og sameina og síkka glugga á 1. hæð á suðurhlið og koma fyrir rennihurð og stigapalli út í garð á húsinu á lóð nr. 9 við Hrefnugötu.

Gjald kr. 11.200
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

22. Hverfisgata 73 (01.153.210) 101106 Mál nr.
BN055654
130458-2389 Þórarinn Sigurbergsson, Laufásvegur 43, 101 Reykjavík
220957-3229 Inga Elín Kristinsdóttir, Laufásvegur 43, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu og endurnýja hús á lóð nr. 73 við Hverfisgötu.
Stækkun: 79,9 ferm., x rúmm.
Umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 02.01.2019 fylgir erindi.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
23. Hverfisgata 78 (01.173.011) 101501 Mál nr.
BN055564
610317-2430 RR fasteignir ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík
Sótt er um breytingu á erindi BN051285 sem felst í því að núverandi undirgöngum er lokað og verslun stækkuð sem því nemur og aðkoma hreyfihamlaðra gesta og slökkviliðs verður um undirgang að Hverfisgötu 76 í húsi á lóð nr. 78 við Hverfisgötu.
Stækkun: 25,1 ferm., 81,9 rúmm.
Þinglýst kvöð um aðkomu slökkviliðs, sorphirðu og hjólastólanotenda um Hverfisgötu 76 dags. 31.08.2018 fylgir erindi.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
24. Kambsvegur 24 (01.354.107) 104275 Mál nr.
BN055119
060961-4099 Viggó Þór Marteinsson, Kambsvegur 24, 104 Reykjavík
291264-5309 Þórhildur Þórisdóttir, Kambsvegur 24, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við bílskúr og innréttá gróðurskála og vinnuherbergi í stækkuðum bílskúr við einbýlishús á lóð nr. 24 við Kambsveg.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. september 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. september 2018.
Einnig útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. nóvember 2018 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. nóvember 2018.
Stækkun: 40 ferm., 110,6 rúmm.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. janúar 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. janúar 2019.
Gjald kr. 11.000
Synjað.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. janúar 2019.
25. Kistumelur 22 (34.533.101) 206630 Mál nr.
BN055608
470596-2289 Íslenska gámafélagið ehf., Gufunesi, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN035873 sem felst í breytingum á innra skipulagi og flóttaleiðum í húsi á lóð nr. 22 við Kistumel.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

26. Klettagarðar 8-10 (01.322.101) 192062 Mál nr.
BN055520
631210-0740 Klettagarðar 8-10 ehf, Klettagörðum 8-10, 104 Reykjavík
Sótt er um stöðuleyfi fyrir þremur geymslutjöldum, einum geymsluskúr og tuttugu og tveimur 40 feta gámum við hús á lóð nr. 8-10 við Klettagarða.
Stærðir:
Geymslutjöld: 1.032,5 ferm., 6.736,2 rúmm.
Geymsluskúr: 60,0 ferm., 168,0 rúmm.
Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 05.10.2018 við erindi BN055191.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
27. Kuggavogur 5 (01.451.601) 225190 Mál nr.
BN055540
571091-1279 Sérverk ehf., Tónahvarfi 9, 203 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054411 sem felst í breytingu á burðarvirki og brunavörnum ásamt tilfærslu á tæknirýmum í húsum á lóð nr. 5 við Kuggavog.
Erindi fylgir leiðrétt erindislýsing ódagsett.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Hafa skal samráð við tæknistjóra Veitna varðandi inntök lagna.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað.
Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
28. Köllunarklettsvegur 4 (01.329.702) 180644 Mál nr.
BN055044
601115-3440 A&H ehf., Ásbúð 62, 210 Garðabær
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 2. hæð, rými 0201 sem skipt verður í 15 vinnustofur fyrir listamenn, koma fyrir svölum á vesturhlið og fellistiga á suðurhlið ásamt því að koma fyrir opnanlegum þakgluggum á þennan eignarhluta og skipta rými 0109 á 1. hæð í tvennt í húsi á lóð nr. 4 við Köllunarklettsveg.
Umsögn Faxaflóahafna um breytingu á deiliskipulagi og samþykki meðeigenda dags. 15. október 2018 fylgir erindi.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. nóvember 2018 fylgir erindi.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
29. Lambhagavegur 13 (02.647.601) 211680 Mál nr.
BN055664
650717-1980 Lambhagavegur 13 ehf., Síðumúla 27, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN054023 þannig að komið er fyrir skrifstofuherbergi í rými 0107 í húsinu á lóð nr. 13 við Lambhagaveg.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.

30. Laufásvegur 18 (01.183.405) 101965 Mál nr.
BN055012
620914-1340 Betri Bílakaup ehf., Lágmúla 5, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að lækka gólf í kjallara bakhúss, grafa frá, gera nýjan stiga og glugga úr kjallara og til að breyta innra skipulagi á báðum hæðum bakhúss og í kjallara framhúss og innréttu tvær íbúðir og vinnustofu sem verða áfram ein eign, þar sem áður var "ósamþykkt íbúð" í fjölbýlishúsi á lóð nr. 18 við Laufásveg.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda áritað á uppdrátt.
Stækkun: 23,2 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
31. Lautarvegur 8 (01.794.302) 213566 Mál nr.
BN055339
640616-0240 Bstjóri ehf., Dalþingi 9, 203 Kópavogur
591016-0910 Vogurinn fasteignafélag ehf., Lautarvegi 8, 103 Reykjavík
